



15. fundur miðstjórnar RSÍ 10. nóvember 2000.

Fundur var settur kl. 1300 og í upphafinu greindi formaður frá þeirri breytingu sem orðið hefði á áformum RSÍ um að gera einn kjarasamning við Landsímamann fram hefðu komið margskonar tæknilegir vankantar á því

1. STAÐAN Í SAMNINGAMÁLUM:

Varðandi Rarik-samning þá er engin ástæða til annars en bjartsýni, búið er raða mönnum í nýtt launakerfi og á næsta fundi verða lagðar fram kaupkröfur og fl.

Hjá Landsvirkjun eru menn að setja saman kröfugerð og viðræður hefjast fljótlega.

Þá er samningur rafiðnaðarmanna hjá Akureyrarbæ kominn í gang búið að halda einn fund og annar boðaður seinna í mánuðinum.

Hjá Ísal er skjaldbökugangur á viðræðum en samt gangur.

Búið er að ganga frá einum kjarasamning, það er við Landsvirkjun vegna starfsmanna í stjórnstöð.

Kominn er úrskurður kaupskrárnefndar varnarsvæða, en þann 6 apríl sl óskaði RSÍ eftir að kaupskrárnefnd fjallaði um launaviðmiðun rafiðnaðarmanna hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, með það fyrir augum að finna nýja launaviðmiðun eða ákvarða umræddum starfsmönnum laun með öðrum hætti. Í bréfi RSÍ kom fram að launakjör rafiðnaðarmanna hafi tekið mið af launakjörum rafiðnaðarmanna í Áburðarverksmiðjunni, en nú hafi aðstæður breyst og verksmiðjan komin í einkaeigu. Óskað var eftir að launin yrðu framvegis miðuð við laun rafiðnaðarmanna hjá Ísal. Meirihluti kaupskrárnefndar féllst ekki á þetta taldi eðlilegast að taka mið af “almenna samningnum” Minnihluti nefndarinnar skilað séráliti og taldi eðlilegt að taka mið af samningi við Ísal.

Innan sambandsins hefur ekkert verið fjallað um málið það verður gert fljótlega og reynt að finna lendingu.

2. ORLOFSMÁL:

G.G. gerð grein fyrir ferð starfsmanna til Spánar með það að markmiði að leigja sumarhús fyrir næsta orlofsár, en samþykkt var á síðasta miðstjórnarfundi að gera það. En þegar upp var staðið þótti miklu hagkvæmara að kaupa hús en leigja svo það var niðurstaða starfsmanna RSÍ að staðfesta kaup á 2 húsum í miðbæ Torrevieja um hálf tíma akstur frá Alicante. Hvert hús kostar um 6,5 milljónir kr. Miðstjórn þurfti að staðfesta kaupinn inna 2ja vikna annars gegnu samningarnir tilbaka. Samþykkt var að staðfesta kaupsamningana.

Samþykkt var að ganga til samninga við Eyjabústaði í Vestmannaeyjum um leigu á einu sumarhúsi í samvinnu við

Matvís þar næsta sumar.

Samþykkt var að kanna tilboð sem boðist hefur um leigu í samvinnu við Matvísá húsi í Torrevieja í sumar til þess að fá reynslu á rekstrinum áður en við tækjum við okkar húsum.

3. ASÍ-ÞING:

Form. gerði grein fyrir þeirri umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið varðandi kosningar til metorða í næstu stjórn ASÍ. Menn sammála að gera verði gerðar breytingar á forystu ASÍ, ef ekki þá væri jafnvel sjáfhætt þar. Stjórnin er handónýt eins og hún er og allar breytingar til bóta.

Samþykkt var að styðja Ara Skúlason til forseta.

Helgi Jónsson ritaði fundargerð í forföllum ritara